

VÖRUFLUTNINGAR- VÖRUAFHENDINGAR

Tillaga að leiðbeiningum

Um verkefnið

Tilgangur verkefnisins var að útbúa tillögu að leiðbeiningum fyrir vöruflutninga með áherslu á vöruaðkomu. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar embættismönnum og skipuleggjendum hjá ríki og sveitarfélögum, ásamt ráðgjöfum og hönnuðum.

Lítið hefur verið gefið út á Íslandi varðandi útfærslur og hönnun vegna vöruafhendingar og vöruflutninga. Þessi atriði hafa því fengið litla athygli þrátt fyrir að vera mikil nauðsyn og gjarnan mikil áskorun. Samkvæmt erlendum heimildum og upplifun skýrsluhöfunda eru til margar slæmar lausnir sem skapa vandamál. Í sumum tilfellum eru vöruafhendingarsvæði við eða jafnvel á skipulögðum stígum, gangstéttum, eða svæðum sem ætlað er óvörðum vegfarendum sem getur haft slæm áhrif á upplifun og umferðaröryggi. Við vöruafhendingarsvæði geta einnig myndast umferðartafir sérstaklega þegar aflestað er á þeim tíma sem umferð er hvað mest.

Afrakstur þessara rannsókna voru gátlistar sem hægt er að nýta á mismunandi stígum skipulags auk teikninga af mismunandi útfærslum afhendingarsvæða.

Vöruflutningar á skipulagsstigi

Á skipulagsstigi þarf að huga að því hvernig vöruafhending mun eiga sér stað og hversu mikil þörfin er m.t.t. þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er, þó má ekki skilgreina þarfnar of þröngt því starfsemi getur breyst. Hraði breytinga á gatnakerninu er mun hægari en á byggingum og svæðum og því þörf á að skipuleggja með m.t.t. þess með meiri fyrirvara.

Samráð hlutaðeigenda er því mikilvægt þegar skipuleggja þarf vöruafhendingarsvæði. Greina þarf og skoða m.a. umhverfi, hönnun, rými fyrir vöruafhendingu, samgöngur og afköst svæða áður en skipulagi er breytt.

Við skipulagningu þarf auk þess að huga að staðsetningu framleiðenda, vöruhúsa og viðtakenda í tengslum við heildarvegakerfið en með flutningi fyrirtækja og stofnana má stuðla að bættari nýtingu vegakerfisins og minnka umhverfisáhrif.

Til dæmis þarf að huga vel að staðsetningu afgreiðslustaða flutningsfyrirtækja eða stórra vörumóttaka í þéttbýli. Ef afgreiðslustaðir eru þannig staðsettir að aka þurfi í gegnum bæjarfélög og þá um bæjargötur, til að komast að afgreiðslutöðum, getur það skapað mikið ónæði fyrir íbúa og óþarfa slit á vegum. Að auki eru íbúðargötur ekki ætlaðar þungum vöruflutningabifreiðum og umferðaröryggi óvarinna vegfarenda verður minna.

Taktu mynd af táknuinu til að nálgast nánari upplýsingar og skýrslu um verkefnið.



Vöruflutningar í þéttbýli

Íbúum í þéttbýli fer sífellt fjölgandi sem um leið eykur mjög þörf á vöruflutningum um þéttbýlissvæðin. Það hefur þau áhrif að umferð, hávaði, mengun og plássþörf vegna vöruflutninga eykst, auk þess sem síaukin krafa er um að fá vörur afhentar heim að dyrum. Þetta ýtir undir að huga þurfi vel að afhendingarstöðum og afkastagetu vöruflutninga.

Götur eru fjölbreyttar og hafa mismunandi nærumhverfi, s.s. umferð, hraða, fjölda verslana og fjölda óvarinna vegfarenda. Þannig býður gata með mikla umferð ökutækja ekki upp á sömu lausn og göngugata. Ekki er endilega þörf á sérstöku svæði fyrir vöruafhendingu í götu sem hefur litla og hæga umferð ökutækja og fáar verslanir með vöruafhendingar í litlum mæli. Hins vegar þarf að huga betur að vöruafhendingu við stærri verslanir eða í götu þar sem mikil umferð er og margar verslanir.

Samráðshópar í götum eða bæjarhlutum geta auk þess á auðveldan hátt stuðlað að hagkvæmum lausnum vegna vöruafhendinga.

Framtíðin

Reynsla erlendis frá sýnir að söfnun upplýsinga um vöruflutninga og skilvirkt utanumhald þeirra upplýsinga geta hjálpað til við að skilja vöruflutninga betur og um leið gera þá skilvirkari. Það sýnir sig að samvinna allra frá upphafi gerir það auðveldara að finna góðar lausnir og hafa margar borgir og bæir í Evrópu komið á fót samráðshópum sem reglulega ræða vöruafhendingarmál og tryggja góðar niðurstöður.

Vöruflutningar eru í stöðugri þróun og auknar kröfur eru á umhverfissvænni lausnir s.s. vistvænni ökutæki og því mikilvægt að fylgjast með þróuninni og hvert vöruflutningar stefna í framtíðinni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að mögulegt er að gera vöruflutninga á Íslandi skilvirkari og umhverfissvænni og því er þörf á leiðbeiningum sem þessum. Með nýrri tækni er að auki hægt að gera vöruflutninga hagkvæmari en áður með bestun á leiðarvali, stærð á bílafloata og hvernig raðað er í bíla/vagna/gáma og nýta aðra samgöngumáta.

Búast má við því að talsverð þróun verði á vöruflutningum í náninni framtíð og þeir geti m.a. orðið sjálfvirkir að einhverju leyti. Leiðbeiningar fyrir vöruflutninga þurfa því að vera lifandi og þróast í takt við þær breytingar.

Jakob Jóhann Sveinsson
Svanhildur Jónsdóttir

VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA

